

131. löggjafarþing 2004-2005.
Þskj. 548 – 414. mál.

Fyrirspurn

til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um aldraða á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Frá Björgvin G. Sigurðssyni.

Munnlegt svar.

Háttvirtur 7. þingmaður Suðurlands, Björgvin G. Sigurðsson hefur beint til mín fyrirspurn um aldraða á dvalar- og hjúkrunarheimilum.

Þingmaðurinn spyr hve margir aldraðir séu á dvalarheimilum annars vegar og hjúkrunarheimilum hins vegar, hve margir deili herbergi með öðrum að frátöldum hjónum eða sambýlissólki og hve margir séu í einkaherbergjum.

Leitað var upplýsinga með bréfi sem sent var í lok desember 2004 til forstöðumanna allra öldrunarstofnana í landinu. Stofnanirnar eru samtals sjötíu og þrjár en í sumum tilvikum eru fleiri en eitt öldrunarheimili sem heyra undir sömu stofnun. Samkvæmt upplýsingum frá öllum þessum stofnunum miðað við stöðuna í janúar eru samtals 843 einstaklingar í dvalarrými. Af þeim eru 704 í einbýli, þrjátíu og þrjár einstaklingar deila herbergi með öðrum að frátöldum hjónum/pörum. Hjón eða pör í sambúð í dvalarrými eru fimmtíu og þrjú.

Einstaklingar í hjúkrunarrými eru samtals 2.291. Af þeim eru 1.265 í einbýli, 954 deila herbergi með öðrum og hjón eða pör eru þrjátíu og sex.

Háttvirtur þingmaður spyr einnig að því hvort áformað sé að endurskoða löggjöf um málefni aldraðra og banna að aldraðir deili herbergi með öðrum sé ekki um maka að ræða.

Í 14. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 segir um stofnanir að við hönnun skuli þess sérstaklega gætt að stofnunin sé heimilisleg og að sem flestir íbúar hafi eigið herbergi. Stefnan er því skýr, þótt ekki sé í lögum lagt blátt bann við því að aðrir en makar deili saman herbergi. Viðhorf og kröfur hvað þetta varðar hafa breyst hratt. Aftur á móti eru margar öldrunarstofnanir komnar til ára sinna og bera enn vitni eldri viðhorfum þegar ekki þótti tiltökumál að aldraðir væru tveir eða fleiri saman í herbergi og slíkt var fremur regla en undantekning. Á undanförunum árum hefur verið ráðist í umfangsmiklar breytingar og endurbætur á mörgum þessara stofnana sem hafa falið í sér að færa aðstæður í nútímalegra horf og meðal annars að fækka tveggja manna herbergjum og fjölbýlum en fjölga einbýlum. Enn er mikið ógert í þessum efnum og því verður áfram haldið á þessari braut, enda í samræmi við þá stefnu sem mörkuð er í lögum um málefni aldraðra.

Háttvirtur þingmaður spyr beinnar spurningar um hvort til standi að banna með lögum að aldraðir deili herbergi nema um maka sé að ræða. Svarið við þeirri spurningu er að slíkt bann er ekki á dagskrá. Sem fyrr segir er stefnan hins vegar sú að sem flestir aldraðir á stofnunum hafi eigið herbergi og ég tel nauðsynlegt að fylgja þeirri stefnu fast eftir, bæði varðandi endurbætur á eldra húsnæði og ekki síður við byggingu nýrra stofnana. Það verður að segjast að vegna mikils skorts á hjúkrunarrými, einkum á höfuðborgarsvæðinu, hefur ef til vill ekki verið lögð nógu mikil áhersla á þennan þátt og vissulega er þörf á að gera betur. Bein boð eða bönn í þessum efnum tel ég hins vegar óþörf ef stefnan er skýr. Það hafa orðið umtalsverðar breytingar til bóta á síðustu árum og ég er þess fullviss að þróunin verði áfram hröð í takt við kröfur nútímans, án þess að grípar þurfi til lagaboðs.

Háttvirtur þingmaður, ég vona að svar mitt hafi varpað ljósi á það málefni sem hér er til umræðu.

(Talað orð gildir)